

# 14

AKAM, ÉG OG ANNICA

Ég andaði léttar<sup>106</sup> þegar skólabjallan hringdi út í frímínútur. Það héldu<sup>107</sup> allir af stað út á skólalóðina svo ég gekk rólega á eftir hópnum eftir löngum gangi, tók upp símann og flakkaði á milli samfélagsmiðla. Setti læk á nokkrar myndir á instagram og var að skipta yfir á snappið þegar sagt var ákvæðnum rómi á ensku við hlíð mér:

— Afsakið, en hér eru símar bannaðir!

Herr Schmidt rétti fram höndina.

Ég var allt of mikiloð klædd í sjóðheiti skólastofunni og vildi ekki fara úr peysunni og sitja

eins og hálfviti á hlýrabolnum<sup>105</sup> með sólbrennadaraxlir. Ég taldi mínuturnar þangað til ég kæmist út og gæti kikt í símann. Látíð eins og ég þyrfti ekki á neinum vinum að halda.

Við mamma höfðum farið á two fundi í skólastofunum þar sem mér var sagt að ég yrði að læra þýsku. Ég held að mömmu hafi liðið svoltið illa yfir því að vera ekki búin að læra þýsku. Skila-boðin voru skýr, þýska var málid sem skyldi talað.

Fyrstu two tímama í skólanum skildi ég nákvæmlega ekkert. Ég fékk mér sæti aftast, opnaði bókina og svaraði þegar nafnið mitt var lesið upp. Meira gerði ég ekki í þeim tínum. Mér fannst bekkjarfélagar mínið stara stíft á mig.

Ég var allt of mikiloð klædd í sjóðheiti skólastofunni og vildi ekki fara úr peysunni og sitja eins og hálfviti á hlýrabolnum<sup>105</sup> með sólbrennadaraxlir. Ég taldi mínuturnar þangað til ég kæmist út og gæti kikt í símann. Látíð eins og ég þyrfti ekki

á neinum vinum að halda.

Við mamma höfðum farið á two fundi í skólastofunum þar sem mér var sagt að ég yrði að læra þýsku. Ég held að mömmu hafi liðið svoltið illa yfir því að vera ekki búin að læra þýsku. Skila-

<sup>105</sup> Hlýrabolur er bolur sem ekki er með ernum heldur böndum yfir axlirnar.

<sup>106</sup> Að anda léttar þýðir hér að líða betur, verða fegin.  
<sup>107</sup> Að halda eitthvað merkir hér að fara í ákveðna átt.  
<sup>108</sup> Hádegi er þegar klukkan er 12 að degi til.

Við aðaldyr skólangs stóð maður sem sagði: *Alle hinaus, viel Späß, alle hinaus, viel Spaß.* Við áttum þá að vera úti í frímínútum. Allir söfnuðust saman í sína hópa. Ég gekk meðfram veggjum og horfði aðallega niður fyrir mig en leit stundum til hljóðanna og sá að horft var á mig. Mér leið hræðilega illa. Ég spáði í það hvort einhverjum í skólanum mínum heima liði í raun svona vandræðalega illa og varð hugsað til tveggja stráka í mínum árgangi<sup>109</sup> sem virtust ekki eiga neina vini. Þeir voru endalaust í leikjum í símunum sínum, töluðu aldrei við neinn.

Símalaus hékk ég á skólalóðinni eins og ljósaskilti sem á stóð: *Vinlausasta manneskja í heimi.* Ég ákvað að ganga í kringum skólann en pegað kom fyrir hornið sá ég að það var ekki hægt vegna hárrar járngríðingar. Ég varð mjög svekkt.<sup>110</sup>

Ég hallaði enni að girðingunni, kræktti fingrunum í vírinn og lokaði augunum. Mér fannst ég vera loknuð inni í fangelsisgarði og

<sup>109</sup> Þau sem eru fædd á sama árinu eru í sama árgangi.

<sup>110</sup> Að vera svekkt/svekktur er að vera vonsvikin/vonsvikinn, óánægð/óánægður.

sparkaði í girðinguna eins og ég væri geðveik. Svo leit ég í kringum mig og pegað ég sá ekki neinn ákvað ég að dúngra vel í girðinguna í síðasta spárkinu. Ég öskraði. Mér var létt en pegað ég leit við krossbrá<sup>111</sup> mér.

<sup>111</sup> Að krossbregra er að verða mjög hissa.

## 15

- Nei.
- Ertu í símanum?
- Nei, sagði hann pirraður.
- Af hverju ertu þá hérra? Og hvað ertu með?
- Bara ... ekkert, sagði hann og stakk miða í vasann.
- Bjallan hrингdi.
- Varstu að njósna um mig? spurði hamn tortrygginn.
- Nei.
- Þá hallaði hann höfði og horfði óþægilega rannsakandi<sup>116</sup> á mig.
- Var ófriður þar sem þú bjóst áður?
- Ha?
- Var strið þar sem þú bjóst áður?
- Nei, alls ekki, sagði ég, hristi höfuðið og gekk af stað á undan honum.
- Pegar við komum fyrir hornið leit ég snöggt aftur og sá að hamn hélt á ljósmynd. Ég ákvað að spyrja ekki út í hana, átti nóg með sjálfa mig.<sup>117</sup>
- Hæ, sagði hann.
- Máttu vera parna?
- Já, sagði hann og reyndi að fela eitthvað bak við sig.
- Ertu að reykja?
- 112 Að gægjast býðir að kíkja, reyna að sjá eitthvað ákvæðið.
- 113 Skeggrótt er hárrót sem sést á andlitinu þegar skeggjóð er að vaxa.
- 114 Augnarð er augnsvipur þess sem horfir á mann.
- 115 Að vera vör/vær um sig þýðir að passa sig, vera á verði gagnvart einhverju.

<sup>116</sup> Rannsakandi býðir her nákvæmlegra, gauungæfilega.

<sup>117</sup> Að eiga nág með sjálfa/sjálfan sig merkir að hafa það miklar áhuggejura af sínum eigin mánum að maður hafi ekki tíma eða svigrúum fyrir annað.

Næst var þýska, tveir tímarr af meira skilningsleysi.  
 Ég skammaðist mín. Bæði fyrir að hafa hagað mér eins og óhemja<sup>118</sup> við grindverkið en líka fyrir framkomu mína við pennan strák. Mér pótti líklegt að hann væri flóttabarn frá Sýrlandi sem var svo mikilð talað um í fréttum.

Hann var ekki í bekknunum mínum en þar voru þjár stelpur með höfuðklút og fjórir strákar, ekki ólíkir honum en hávaxnari. Í bekknunum var líka stelpa með gat í nefinu og fimm eyrnalokka í eyranu sem sneri að mér. Hún var svartklædd og með fjórlublátt hár niður á axlir. Aðrir krakkar gátu allt eins verið íslenskir, í sömu Adidas-peysunum og með álíka Nike-poka á bakinu.

Frau Richter, þýskukennarinn, gekk að borðinu mínu.

— Ég var að spyrja þig, Rabbinhildur!

— Hvað? náði ég að segja á þýsku, kuni ekki einu sinni að segja: „Um hvað?“

Hún spurði aftur að einhverju sem ég skildi ekki.

— Ég skil ekki þýsku, mér þykir það leitt.

<sup>118</sup> Óhemja er dýr eða manneskja sem lætur mjög illa.

Ég heyrði flissað í stofunni og fann að ég roðnaði.

— Mér heyrist þú verða að vera duglegri ef þú ætlar að vera áfram í þessum skóla.

Hún sagði þetta bæði á þýsku og ensku og bætti svo við:

— Frá og með næstu viku mun ég bara tala við þig á þýsku.

Ég tók upp blátant og blað og byrjaði að skrifa niður orð sem ég skildi ekki. Ég fór að hugsa um samtal sem ég átti við pabba um helgina. Við töluðum lengi saman og ég spurði þeirra spurninga sem Heidi hafði spurt mig.

— Hvað ertu eiginlega að spá með því að skrifa þessar greinar?

— Æ, ég er að reyna að breyta einhverju.

— Hvað meimaráðu?

— Reyna að koma fram með nýjar skoðanir. Mér finnst of margir á Íslandi vilja frekari stóriðju<sup>119</sup> með tilheyrandi mengun.

— Hvernig gengur það?

— Hægt, Hrafnhildur mín, of hægt.

<sup>119</sup> Stóriðja er stórfeldur verksmiðjurekstur.

- Gott hjá þér samt að gera þetta.
- Takk, elskan.
- Pabbi hækkaði róminn.
- Veistu, Hrafnhildur, að stóriðjan notar 80% af rafmagninu á Íslandi?
- Nei, ég vissi það ekki. Eða jú. Við vorum náttúrlega að mótmæla því í skólanum heima. Menguninni og svona.
- Samt vilja margir stjórmálamenn virkja enn meira.
- Af hverju?
- Út af græðgi, vil ég meina, en það eru ekki allir sammála mér.
- Er það bara það?
- Kannski ekki. Jöklarnir eru að bráðna og sumir vilja nýta fossana. Við erum alltaf að reyna að selja eitthvað, Hrafnhildur minn, til að halda áfram að græða.
- Hvernig þá?
- Aftur dæsti pabbi.
- Ætli við viljum ekki geta keypt meira á morgun en í dag. Öll þessi neysla er að fara með okkur.

- Ég styð pig, pabbi, sagði ég bara. Mig langaði til að skilja betur það sem pabbi var að segja.
- Takk, elskan.
- Töldum annars um eitthvað léttara. Ertu búin að kynnast einhverju góðu fólkí þarna úti?
- Já, konu sem er skotin í pérr.
- Það er ekki gott fyrir néina konu að vera það. Það veistu vel.
- Hún er sko allt örurvísí en mamma.
- Jæja, góða, sagði pabbi og hló. Þá vissi ég eiginlega ekkert hvað ég átti að segja, svo ég sagði bara:
- Ég kem til þín um jólin.
- Ég ætla nú rétt að vona að við heyrumst eitthvað fyrir það, lambið mitt?
- Já, auðvitrað. Ég sakna þín bara svo ógeðslega mikið, þú veist það alveg. Ég var alveg að fara að gráta, pabbi örugglega líka, svo við þögðum í smástund. Síðan sagði hann:
- Pú kemur allavega í brúðkaupið?
- Ha, hvaða?

— Nú, mitt og þessarar konu sem þú ert búin að finna handa mér.  
Við kvöddumst hlæjandi.

Frau Richter lagði hvítt blað á borðið hjá mér.  
Allir í kringum mig voru byrjaðir að skrifá á fullu. Leiðbeiningar<sup>120</sup> hennar höfðu gjörsamlega farið fram hjá mér en á töflunni stóð stórum stöfum „*Mein deutscher Sommer*“.

— Á þýsku að sjálfsögðu, sagði hún.

Mér leið eins og ég væri komin aftur í fyrsta bekk. Samt gat ég ekki annað en þakkað Heidi fyrir þá þýsku sem hún var búin að kenna mér.

Laugardaginn áður en skólinn byrjaði hafði Heidi boðið mér með sér á bændamarkað.<sup>121</sup> Við töludum saman alla leiðina, mest á ensku en líka þínultíð á þýsku. Á heimleiðinni fórum við í ísbúð sem Heidi sagði að væri sí besta í öllu Pýskalandi og mér leið eins og ég væri í

120 Leiðbeiningar eru útskýringar á því hvað maður eigi að gera og hvernig.  
121 Bændamarkaður er staður þar sem hægt er að kaupa ýmsar vörur beint af bændum.

himnaríki þegar ég hámaði<sup>122</sup> í mig ís með ekta kírsuberjum. Fyrsta ritgerð mín á þýsku var svona:

Ég er í Pýskalandi af því að mamma mínn vill það. Mér finnst ísinn hér góður, brauðið líka. Hér er heitt. Ég á góðan nágranna, hún heitir Heidi. Ég er frá Íslandi, skólinn par er góður. Sumarið hér er of heitt. Pabbi minn er góður maður. Ég vil fara heim, núna.

Pegar ég las yfir textann velti ég því fyrir mér<sup>123</sup> hvort ég væri að missa vitið.<sup>124</sup> Mig langaði til að hlæja. Og gráta. Hver var ég eiginlega? Ég tók aftur upp pennann minn og bætti við:

Ég er halfvit.

Ég vissi ekki hvort orðið *idiot* væri þýskt en skrifðað „Ich bin ein Idiot“. Síðan strunsaði ég út úr stofunni og sótti símann minn á skrifstofuna.

Ég gekk beinustu leið að jármögirðingunni. Þar tók ég upp nestið mitt og laumaðist til að kíkja á

122 Að háma ísig er að borða eitthvað hratt.  
123 Að velta einhværu fyrir sér er að hugsa um eitthvað.  
124 Að missa vitið þyðir að verða vitlaus, vita ekkert í sinn haus.

símann. Ég beit í samlokuna. Mamma hafði samþykkt að brúnt súrdeigsbrauð væri leyfilegt. Svo sendi ég Lindu skilaboð:

Pýskir skólar sökka feitt. Hjálp!

Æ æ. Heyri í þér í kvöld.

Ich bin ein Idiot.

Ha?

Nánari skyring síðar.

Ég er hálfviti, hugsaði ég og hló upphátt að sjálfrí mér. Ég lagðist á svala<sup>125</sup> steypuna, stakk bakpokanum undir höfuðið á mér og horfði á skýin. Afganginn af samlokunni lagði ég á bringuna.

Pá heyrði ég hikandi fótatak, næstum vinsamlegt. Ég leit upp. Það kom mér á óvart að hann var ekki inni í skotinu heldur við inngang

<sup>125</sup> Svöl/svalur er það sama og kold/kaldur.

pess. Þar sat hann með hnén upp að bringu og svartan bakpoka sér við hlið. Hann grúfði sig yfir stærðfraðidæmi og sló eitthvað inn á vasareikni á milli þess sem hann skrifaði tölur á blað. Ég settist upp. Hann nartaði<sup>126</sup> í kex og banana. Ég teygði mig eftir annari skinkusamloku í töskuna og rétti hana fram.

— Viltu?

Hann virti brauðið fyrir sér,<sup>127</sup> kristi höfuðið en brosti aðeins. Hélt áfram að reikna. Ég lagðist aftur niður en eftir smástund tók ég upp samloku með osti, gúrkú og eggjum. Rétti hana fram.

— Viltu?

Hann leit á mig, aftur á samlokuna og kinkaði kolli. Ég skaut henni til hans. Hann lagði frá sér bókina, beit í brauðið og brosti til mín. Ég gat ekki annað en brosað á móti og svo horfðum við bæði á skýin dansa.

<sup>126</sup> Að narta er að bíta líttla bita af einhverju.  
<sup>127</sup> Að virða eitthvað fyrir sér er að skoða eitthvað.